

# Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](#) FINNA Q

[atvinna@mbl.is](mailto:atvinna@mbl.is) • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, [berglindb@mbl.is](mailto:berglindb@mbl.is), 569 1246

## Umsjónarkennarar Verkgreinakennarar Íþróttá- og sundkennarar Stuðningsfulltrúar



## Á KLAUSTRI ERU TÆKIFÆRIN

### Kirkjubæjarskóli auglýsir eftir umsjónarkennurum og stuðningsfulltrúum fyrir skólaárið 2024-2025

#### Kennarar:

Lausar eru stöður umsjónarkennara á yngsta,- og miðstigi, staða verkgreinakennara auk íþróttá- og sundkennara. Starfshlutfall 80-100% eða eftir samkomulagi. Í boði er viðbótarkennsla í stærðfræði og náttúrufræði á mið- og unglingsstigi. Ein staða á yngsta stigi er tímabundin þ.e. fyrir skólaárið 2024-2025 en aðrar eru með ótímabundinni ráðningu.

#### Menntunar og hæfingskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sérhæfing á grunnskólastigi.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af starfi í grunnskóla og/eða starfi með börnum/ungmennum er æskileg
- Hreint sakaottorð

Í Kirkjubæjarskóla verða um 50 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2024-2025 og er tveimur til þremur árgöngum kennt saman. Skólinn er Heilsueflandi grunnskóli og starfar samkvæmt hugmyndafræði Jákvaðs aga. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

#### Stuðningsfulltrúar:

Lausar eru staða stuðningsfulltrúa á yngsta stigi. Um er að ræða 80%-100% stöðu.

#### Menntunar og hæfingskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. stuðningsfulltrúanám.
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum og ungmennum.
- Góð samskipta- og samstarfshæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð



**Kirkjubæjarklaustur** er í Skaftárhreppi um 250 km austur af Reykjavík. Í sveitarfélaginu búa um 700 íbúar.

**Á Klaustri** eru leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Fjölbreytt íþróttaiðkun fyrir börn er í boði. Á staðnum er íþróttahús og góð sundlaug.

**Náttúrufegurð** er einstök og afar góð aðstaða til útivistar og er veðursæld mikil.

**Húsnæði** á hagstæðum kjörum.

**Launakjör** samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri í síma 487 4633 og 865 7440 eða á [skolastjori@klaustur.is](mailto:skolastjori@klaustur.is)

### Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.

Umsóknir sendast á [skolastjori@klaustur.is](mailto:skolastjori@klaustur.is) ásamt leyfisbréfi, og ítarlegri ferilskrá auk upplýsinga um a.m.k. tvo meðmælendur.

[klaustur.is](http://klaustur.is)

Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauglýsingu á  
**atvinna@mbl.is**



## Hafnarfjörður

# Deildarstjóri barnaverndar

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða deildarstjóra barnaverndar sem heyrir undir fjölskyldu- og barnamálasvið. Um fullt starf er að ræða.

Deildarstjóri barnaverndar er hluti af stjórnendateymi sviðsins og heyrir beint undir sviðsstjóra. Viðkomandi ber ábyrgð á því að fagleg vinnubrögð séu í starfi deildarinnar og tekur, ásamt öðrum stjórnendum, þátt í stefnumótun og innleiðingu nýjunga.

### ■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð, mannaforráð og starfsemi deildarinnar
- Vinnur í samstarfi við deildir innan sviðsins og þvert á svið Hafnarfjarðarbæjar
- Þátttaka í fjárhagsáætlanagerð og ber ábyrgð á að rekstur deildarinnar sé innan fjárhagsáætlunar
- Þátttaka í stefnumótun sviðsins
- Leiðir starf barnaverndarteymis, úthlutar verkefnum og leggur mat á tilkynningar
- Ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála og ákvörðun hvaða mál fara fyrir umdæmisráð
- Þátttaka í þróun og eflingu á þjónustupáttum deildarinnar
- Hefur frumkvæði að og hvetur til þróunar nýrra úrræða til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra
- Önnur verkefni samkvæmt starfslýsingu og sem yfirmaður felur viðkomandi

### ■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS/BA próf sem nýtist í starfi
- Meistarapróf í félagsráðgjöf, sálfræði eða lögfræði eða mjög víðtæk starfs- og stjórnunarreynsla á sviði velferðarmála
- Reynolds af félagsþjónustu sveitarfélaga er æskileg
- Reynolds af barnaverndarstarfi er skilyrði
- Farsæl reynsla af rekstri og stjórnun mannauðs
- Reynolds af þverfaglegu samstarfi og samstarfi stofnana
- Reynolds af þróun og innleiðingu nýrra ferla
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni
- Leiðtogafærni, frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **29. apríl 2024**. Umsókn óskast fyllt út á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) og þarf henni að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við BHM. Vakinn er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar um að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Guðlaug Ósk Gísladóttir ([guðlaugg@hafnarfjordur.is](mailto:guðlaugg@hafnarfjordur.is)).

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**intellecta**



# Embætti dómara við Landsrétt laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Landsrétt. Skipað verður í embættið frá 1. september 2024. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020, um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynsla af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnábyrgðum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfshæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra og netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefn fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 6. maí næstkomandi. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið [starf@dmr.is](mailto:starf@dmr.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,  
19. apríl 2024.

Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið



## GG VERK

## Tæknimenn í byggingaframkvæmdir

Vegna traustrar verkefnastöðu óskar GG Verk eftir að ráða öflugum tæknimenn í lykilstjórnendateymi byggingaframkvæmda.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Rýni hönnunargagna og samskipti við hönnuði
- Móttaka, skjölun og utanumhald teikninga
- Rýni samninga, verklýsinga og reglugerða
- Áhættumat, innri gæðaúttektir og öryggiseftirlit
- Magntaka, gerð og eftirlit með framvindu verkefna
- Mælingar og úrvinnsla mæligagna
- Útboð til undirverktaka
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Tæknileg úrlausnarefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verk- eða tæknifræði er skilyrði en framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Framúrskarandi greiningar- og skipulagshæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð samskipta- og leiðtogahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

GG Verk er 18 ára gamalt byggingafyrirtæki sem er með alþjóðlega ISO9001 gæðavottun og háa starfsánægju. Þar starfar öflugur hópur fólks við að byggja vönduð mannvirki innan tilskilins tímaramma, af framúrskarandi metnaði og umhyggju fyrir fólki og umhverfi. Félagið sækist eftir umsækjendum sem vilja vera hluti af árangursdrifnu teymi og móta framtíðina með okkur í byggingariðnaðinum.

Nánari upplýsingar má finna á: [www.ggverk.is](http://www.ggverk.is).

Umsóknarfrestur er til og með **1. maí 2024**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.



FÓLK Í FYRSTA SÆTI



FYRIRHYGGJA



ÁREIÐANLEIKI



ÁBYRGÐ

Nánari upplýsingar veita Henrietta Þóra Magnúsdóttir ([henrietta@intellecta.is](mailto:henrietta@intellecta.is)) og Sigríður Svava Sandholt ([sigridur@intellecta.is](mailto:sigridur@intellecta.is)) í síma 511 1225.

intellecta

## Spennandi starf fyrir rafvirkja

Laust er til umsóknar starf rafvirkja í útstillingadeild IKEA. Rafvirki sinnir fjölbreyttum verkefnum í fyrirtækinu tengdum útstillingum í verslun og öðru tilfallandi.

### Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Nákvæmni og vandvirkni
- Geta til að starfa undir álagi
- Stundvísi
- Frumkvæði og ábyrgð
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla sem nýtist í starfi

Um fullt starf er að ræða þar sem unnið er virka daga kl. 8-16.

Nánari upplýsingar veitir mannauðssvið IKEA, [mannaudssvid@IKEA.is](mailto:mannaudssvid@IKEA.is)

Sæktu um á [ikea.is/umsokn](https://ikea.is/umsokn)



## Ráðgjafi í búvörudeild

Sláturfélag Suðurlands (SS) óskar eftir ráðgjafa í búvörudeild. Um er að ræða krefjandi ábyrgðarstarf í spennandi starfsumhverfi í metnaðarfullu fyrirtæki í matvælaíðnaði og innflutningi. Staðsetning búvörudeildar er á Fosshálsi 1, Reykjavík.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg ráðgjöf við viðskiptavini
- Heimsóknir til bænda
- Sala á búrekstrarvörum
- Móttaka og úrvinnsla pantana

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Búfræðimenntun æskileg eða önnur þekking sem nýtist í starfi
- Reynsla og áhugi að þjónusta bændur
- Góð almenn þekking og reynsla við notkun skrifstofutengdra tölvukerfa
- Búi yfir sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum ásamt hæfni til að starfa í teymi

Umsóknir fara í gegnum [alfred.is](https://alfred.is)



## Sérfræðingur á fyrirtækjasviði

Olís óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan einstakling í starf við ráðgjöf og sölu á smurolíu og eldsneyti. Um er að ræða starf á fyrirtækjasviði Olís en þar fer fram fjölbætt þjónusta og sala á fyrirtækjamarkaði. Starfið felur í sér mikla fjölbreytni og mannleg samskipti.

**Hæfniskröfur**

- Vélfræðimenntun, bírfélavirkjun eða önnur sambærileg menntun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Rík þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

**Helstu verkefni**

- Tæknileg ráðgjöf
- Sölumennska
- Fjölbreytt þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við þjónustuaðila Olís
- Tíðis- og samningagerð við viðskiptavini
- Samskipti við birgja
- Utanumhald og ráðgjöf um val á vörum

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.

Sótt er um starfið í gegnum vefform 50skils með því að skanna QR kóðann hér að neðan. Umsóknarfrestur er til 30. apríl. Nánari upplýsingar veitir Stefán Segatta sviðstjóri fyrirtækjasviðs [ss@olis.is](mailto:ss@olis.is).



# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

## Breiðholt III, Fell vegna Völvufells

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 20. mars 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. apríl 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fells vegna Völvufells (Þróunarreitur nr. 84 AR2040). Í deiliskipulagsbreytingunni sem lögð er til, er komið til móts við breyttar áherslur á svæðinu. Almennum íbúðum í raðhúsum og fjölbýlishúsi er fjölgað, námsmannaíbúðir fjarlægðar, leikskólalóð stækkuð, lóðarmörkum breytt og skipulagsmörkum þróunarsvæðisins eru uppfærð til samræmis við Þróunarreit Hverfissskipulags. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna..

## Reitur 1.171.0 – Laugavegur 1

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 3. apríl 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. apríl 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.0 vegna lóðarinnar nr. 1 við Laugaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að fella úr gildi heimild til að rífa steinhús á bakhluta lóðar, Laugavegur 1A, ásamt því að núverandi leyfilegt byggingarmagn er fært til. Hluti leyfilegs byggingarmagns verður aukið neðanjarðar ásamt að leyfa rishæð yfir jarðhæð fyrir miðri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](https://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 25. apríl 2024 til og með 11. júní 2024. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 11. júní 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).

Reykjavík 25. apríl 2024  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



## Starfsmaður í verzlun

Farver málningarverzlun óskar eftir starfskrafti í fullt starf í verzlun sína á Flatahrauni 23 í Hafnarfirði

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla í verzlun
- Áfyllingar
- Litaráðgjöf

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg
- Rík þjónustulund
- Fagmennska
- Góð tölvukunnátta og notkun samfélagsmiðla er kostur
- Þekking á markaðsmálum mikill kostur
- Áhugi á innanhússhönnun er kostur
- Þekking á málningu/húsamálun er kostur
- Gott vald á íslensku er skilyrði

Hvetjum konur jafnt sem karla, 25 ára og eldri, að sækja um.


Allar frekari upplýsingar og ferilskrá sendist á [elva@farver.is](mailto:elva@farver.is)

intellecta.is

## RÁÐNINGAR



intellecta



## VILT ÞÚ SINNA RÁÐGJÖF OG SÖLU Á VATNSPÉTTASTA GLUGGA Í EVRÓPU?



Vegna aukinna umsvifa og opnunar nýrrar glugga- og hurðaverksmiðju í Þorlákshöfn **auglýsa Kambar eftir starfsfólki í tvær stöður**. Verksmiðjan er búin fullkomnustu framleiðslutækjum til gluggaframleiðslu sem völ er á og meðal framleiðsluvara er hinn einstaki **Kambar P1800**, áltréglugginn sem er hannaður og vottaður til að þola stórhrið og slagveður allt að **55 m/sek.**

Starfsstöð umsækjenda verður á **Smíðjuvegi 2** í Kópavogi.

### TÆKNIMAÐUR/SÉRFRÆÐINGUR Í GLUGGUM

#### Starfið felst í eftirfarandi:

- Ráðgjöf til viðskiptavina og söluráðgjafa
- Uppsetning og frágangur tilboða
- Yfirfara tilboð út frá tæknilegum atriðum
- Samskipti við verksmiðju vegna tæknilegra atriða
- Skipulagning framleiðslulota fyrir glugga- og hurðaverksmiðju
- Þátttaka í teymi sem sinnir þróun á vöruframboði Kamba

#### Hæfniskröfur

- Löggilding í byggingarstjórnun
- Fagmenntun í húsasmíði eða sambærileg menntun
- Iðnaðartæknifræði eða sambærileg menntun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

### SÖLURÁÐGJAFI GLUGGA

#### Starfið felst í eftirfarandi:

- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðsgerð og sala

#### Hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Áreiðanleiki, góð íslenskukunnátta, glaðværd og hæfni í mannlegum samskiptum
- Ekki er verra að allir gluggar séu opnir þegar kemur að áhuga á byggingageiranum

Umsóknir berist á [daniel@kambar.is](mailto:daniel@kambar.is)

Umsóknarfrestur er til og með **12. maí**



Söluskristofa Smíðjuvegi 2 | Sími 488 9000 | [kambar.is](http://kambar.is)

**SAMVERK** GLERVERKSMÍÐJA | **BÖRKUR** TRÉSMÍÐJA | **GLUGAASMIÐJAN** SELFOSS | **SVEINATUNGA** SVALAHANDRÍÐ

Hjá Kömbum sameinast kraftar fjögurra rótgróinna íslenskra framleiðslufyrirtækja. Hjá okkur sameinast áratuga reynsla og þekking á íslenskum byggingarmarkaði og saman erum við einn stærsti framleiðandi landsins á gluggum, gleri og hurðum fyrir íslenskar aðstæður.



## Framkvæmdastjóri

Kirkjugarðaráð auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra. Starfið er fjölbreytt og því fylgja ferðalög um landið í tengslum við eftirlit, skipulag og ráðgjöf fyrir kirkjugarða. Starfið felur líka í sér ýmsa skrifstofuvinnu ásamt ritun fundargerða og önnur tilfallandi verkefni.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ráðgjöf, leiðsögn og eftirlit með öllum kirkjugörðum landsins
- Samskipti við helstu hagaðila
- Eftirlit, aðkoma að gerð uppdráttu og mælinga í tengslum við umhirðu og breytingar á kirkjugörðum
- Halda utan um styrkveitingar úr kirkjugarðasjóði
- Aðstoð og ráðgjöf í tengslum við legstaðaskrár og skráningar í tölvukerfi kirkjugarða

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt og drifandi hugarfar ásamt frumkvæði og skipulagshæfileikum
- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. garðyrkjufræði, landslagsarkitekt eða hliðstæð menntun
- Reynsla af ráðgjöf og/eða eftirliti með umhverfisskipulagi æskileg
- Gott vald á íslensku ásamt þekkingu í ensku og norðurlandamálum
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla eða innsýn inn í starfsemi kirkjugarða eða hliðstæð störf kostur



## Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og starfar eftir lögum um kirkjugarða. Meginhlutverk ráðsins er meðal annars að samþykka upptöku nýrra kirkjugarða og stækkun eldri garða, veita leiðsögn við skipulag, viðhald og lagfæringar kirkjugarða, aðstoða við gerð verk- og kostnaðaráætlana vegna framkvæmda í kirkjugörðum, leiðbeina við gerð uppdráttu og legstaðaskráa, ákveða framlag og styrki til einstakra kirkjugarða og úrskurða í einstaka málum.

Umsóknum skal fylgja ferilskrá auk kynningarbréfs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sótt er um starfið á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með **14. maí nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is).

## Skólastjóri Tálknafjarðarskóla

Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar óskar eftir að ráða skólastjóra Tálknafjarðarskóla. Leitað er að metnaðarfullum leiðtoga til að stýra framsæknum skóla í nýjasta sveitarfélagi landsins.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg forysta og skólapróun.
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans.
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins.

Tálknafjarðarskóli er samrekin grunnskóli undir einu þaki. Í skólanum eru um 35 nemendur. Í skólanum fer fram öflugt og framsækið skólastarf þar sem lögð er áhersla á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Skólinn er öflugur grænánaskóli, heilsueflandi skóli og UNESCO skóli.

Einkunnarorð skólans eru **jákvæðni**  
— samvinna — skemmtun -  
þrautseigja

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari og kennslureynsla er skilyrði.
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum er æskileg.
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og þróun skólastarfs er kostur.
- Leiðtogahæfni og metnaður.
- Lipurð, hæfni og virðing í samskiptum ásamt góðu orðspori.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.



Umsókn skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, afrit af leyfisbréfi, kynnisbréf og upplýsingar um umsagnaraðila.

Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2024 og starfskjör samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ og FSL. Ráðið verður í stöðuna frá 1. júlí 2024 eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefur Arnheiður Jónsdóttir, sviðstjóri fjölskyldusviðs, í netfangi [arnheidur@vesturbyggd.is](mailto:arnheidur@vesturbyggd.is) og í síma 450 2300. Umsóknir skal senda á [vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is).




## Viltu vinnu í fallegu umhverfi með góðu og skapandi fólki

### Viltu taka þátt í að móta framtíðina?

Við leitum að skemmtilegu og skapandi starfsfólki í leik-, grunn- og tónlistarskólar Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag með um 5300 íbúa. Sveitarfélagið er heilsueflandi og barnvænt samfélag með áherslu á góða þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Sveitarfélagið er rómað fyrir náttúrufegurð og fjölbreytta útivistarmöguleika. Í Fjarðabyggð eru þrjár tónlistarskólar, fjórir grunnskólar, fjórir leikskólar og einn samrekin leik- og grunnskóli. Mikið og gott samstarf er milli skólanna og öflug miðlæg skólabjónusta með reglulega viðveru í skólunum.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Fjarðabyggðar  
[www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is) laus störf



# Við leiðum fólk saman

## Tilkynningar



# Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags

## Malarhöfði– skipulagslýsing

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. apríl 2024 var lögð fram skipulagslýsing, dags. í apríl 2024, vegna gerð nýs deiliskipulags við Malarhöfða í Reykjavík, á landnotkunarsvæði M4 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Svæðið er hluti af stærsta þróunarsvæði Reykjavíkur fyrir blandaða byggð íbúða og þjónustu. Með tilkomu framtíðar Borgarlínu og uppbyggingu á Ártúnshöfða við Elliðaárvog býðst einstakt tækifæri til að glæða lífi í gamalt iðnaðarhverfi og umbreyta því í spennandi og vistvænt hverfi. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 29. maí 2024 í gegnum Skipulagsgáttina <https://skipulagsgatt.is/>

Lýsingin er aðgengileg á vefnum, <https://skipulagsgatt.is/>

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur



## Tilboð/útboð



HVERAGERÐISBÆR

## Skipulagsmál í Hveragerðisbæ

### Samþykkt deiliskipulagsbreytingar ferðapjónustusvæðis við Árhólma

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 11. apríl 2024 deiliskipulagsbreytingu á ferðapjónustusvæði við Árhólma í Hveragerði dags. 9. maí 2023, síðast breytt 4. apríl 2024 eftir athugasemd Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreytingin sameinar fyrirbyggjandi deiliskipulagsáætlanir ásamt því að stækka reitinn til að ná yfir allt svæði verslunar og þjónustu, eins og það er skilgreint í aðalskipulagi.

Markmið heildardeiliskipulags Árhólma er að byggja upp heildstæða ferðapjónustu sem þjónar breiðum hópi ferða- og heimafólks og er áhuga-verður áfangastaður í sjálfu sér. Skilmálar eru um að heildaryfirbragð bygginga verði í vistvænum anda og um góða aðlögun að landi, ásýnd og staðaranda. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur þegar öðlast gildi.

### Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi reitar AF2 og nýs deiliskipulags

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 11. apríl 2024 að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á reit AF2 í aðalskipulagi og nýs deiliskipulags fyrir afþreyingarsvæði í Kömbum ofan við Hveragerði.

Markmið skipulagsbreytingarinnar er að víkka út afþreyingarmöguleika í hlíðum Kamba með sleðabraut (e. Alpine Coaster) samsíða Zip-line. Sleðabrautin er ætluð öllum aldurshópum.

Skipulagslýsingin er aðgengileg á Skipulagsgátt, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 sem og á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd með umsögn á Skipulagsgátt, málsnúmer 463/2024, í síðasta lagi 18. maí 2024.

Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið [hildur@hveragerdi.is](mailto:hildur@hveragerdi.is)

**Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar**

## Tilboð



## Færanlegar kennslustofur óskast

Hafnarfjarðarbær óskar eftir fjórum kennslustofum

Vegna mikillar fjölgunar grunnskólabarna í Hamranesi verður kennslustofum við Skarðshlíðarskóla fylgjað um fjórar. Kennslustofurnar skulu vera samtengdar, sem næst 63-66fm hver og með fatahengi og salerni fyrir allt að 100 börn auk aðstöðu fyrir kennara. Kennslustofurnar þurfa að uppfylla kröfur til algildrar hönnunar og vera full einangraðar í samræmi við byggingarreglugerð. **Vakin er sérstök athygli á því að seljendur stofanna skulu gera grein fyrir aldri stofanna, helstu byggingarefnum og grunnmynd sem sýnir hvernig stofurnar séu tengdar samar.** Skila skal stofunum á lóð Skarðshlíðarskóla eigi síðar en 15. ágúst 2024.

**Tilboð opnuð að Norðurhelli 2 mánudaginn 29. apríl kl. 11**

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Haraldsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, í gegnum netfangið: [siggih@hafnarfjordur.is](mailto:siggih@hafnarfjordur.is)

Nánari upplýsingar á: [hfj.is/kennslustofur](http://hfj.is/kennslustofur)



Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauglýsingu á [atvinna@mbl.is](mailto:atvinna@mbl.is)

Morgunblaðið

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)

# Smáauglýsingar

569 1100 | [www.mbl.is/smaaugi](http://www.mbl.is/smaaugi)

## Málarar

### Málarar

Tökum að okkur öll almenn málningarverkefni við erum faglærðir málarar með mikla reynslu. Sangjárnir í verðum. Hafið samband í síma 782-4540 eða löggiltumalari@gmail.com

### Málarameistarar

Tökum að okkur að mála fyrir þig; hvort sem er húsfélög eða einstaklinga. Erum einnig með múrara, trésmíði og pípara. Áratuga löng reynsla.

Einar Sörli, málarameistari:  
8996400, einarsorli@actacor.is

## Til sölu



**LiFePO4 rafgeymar til sölu:**  
12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk  
12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk  
12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk  
**Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube**



**Merbau pallaeftni(mahogany)  
21x145mm Verð tilboð**



**Bankirai pallaeftni(parket)  
21x145mm Verð tilboð**  
**Cumaru** paniill 10x90mm og pallaeftni  
21x90mm, 21x140mm  
**Penofin** harðviðarolía 3,8 lítrar

**Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf.**  
opið 10-14 virka daga  
[magnus@vidur.is](mailto:magnus@vidur.is)  
gsm: 660 0230 Magnús

## Bílar



**Lítið ekinn fjórhjóladrifinn  
Hyundai Ioniq 5.**  
73 kWh batterí. Hiti í sætum og stýri.  
Bakkmyndavél og fjarlægðartengdur hraðastillir.  
Virkilega rúmgóður með góðu skottplássi.  
Nývirði í umboði er um 8.900.000 kr.  
Verð: 6.190.000,-  
Upplýsingar í síma 8993948.



**Kia Niro EV Vision rafmagnsbíll**  
með 64 kWh rafhlöðu. Auglýst  
drægni 460 km. 7/2021 ekinn 32  
þús. km. Sjálfskiptur bíll með  
sportsætum með leðri á slitflötum.  
7 ára ábyrgð. Maður situr hátt á  
meðan maður liður áfram.  
**Frábært verð: 4.790.000,-**



[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)  
Hátúni 6 A – sími 577 3344.  
Opíð kl. 10–18 virka daga.

## Húsviðhald

### Húsviðgerðir [www.husco.is](http://www.husco.is)

Sími 555 1947  
Gsm 894 0217

### FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi  
fasteigna

Áratuga reynsla og þekking  
skilar fagmennsku og gæðum  
Tímavinna eða tilboð

**Strúctor  
byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994**

## Sumarhús



**Sumarhús – Heilsárshús  
Gestahús – Breytingar**  
• Framleiðum stórglæsileg sumar-  
hús/heilsárshús í ýmsum stærðum.  
• Tökum að okkur stækkun og  
breytingar á eldri húsum.  
• Smíðum gestahús – margar  
útfærslur.  
• Sjáum um almennt viðhald á  
sumarhúsum og sólpöllum.  
• Setjum niður heita potta og  
smíðum palla og skjólveggi.  
Áratugareynsla –  
endilega kynnið ykkur málið.  
**Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn,**  
sími 892-3742 og 483-3693,  
[www.tresmidjan.is](http://www.tresmidjan.is)

## Ýmislegt



**Íslenskar handsmíðaðar  
barnaskeiðar**  
Silfur táknað velsæld og góða heilsu  
enda er silfur verðmætt og  
sótthreinsandi efni. Silfur-  
borðbúnaður, skart og fl.  
**ERNA, Skipholti 3, s.552 0775,**  
[www.erna.is](http://www.erna.is)

### Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur



Síðumúla 31  
588 6060 og 894 4014

Félagið býður upp á miðlauseinka-  
tíma fyrir félagsmenn og aðra.  
Ennfremur ráðgjöf um næmni  
og hugsanlega miðilshæfileika,  
söfnun dulrænna reynslusaga,  
ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a.  
**Þórhallur Guðmundsson miðill.**  
- Einnig er möguleiki á að fá  
einkatíma í gegnum síma hvert á  
land sem er, sem og erlendis.

**Svörum í síma frá kl. 13-18  
flesta daga ársins**

SRFR.

## Sólarfilmur



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## Sandblástursfilmur



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## Teikningaprentun



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## RollUp & BannerUp



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## STAFRÆN Framköllun



**SAMSKIPTI.is**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## Inni og útiskilti



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## Sálmaskrár



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## Skönnun og ljósritun



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## Byggingar

### Byggingafyrirtæki getur bætt við sig verkum

Uppsítt á húsum og sökklum.

**Pakendurbætur**, tek niður  
pantanir fyrir næsta ár 2024, geri  
tilboð í verk.

**Stálgrindarhús**, geri tilboð, er í  
samstarfi við innflutningsaðila.

**Sumarhús**, breytingar eða byggja  
nýtt hús, geri tilboð.

**Nánari upplýsingar**, Þjóssi  
smíður á google, s 893-5374  
[nybyggd@gmail.com](mailto:nybyggd@gmail.com)

## Bækur

### Bækur til sölu

Gimli saga landnáms saga Nýja  
Íslands í Kanada. Saga  
Íslendinga í Norður Dakota.  
Icelandic Riversaga. Vestufara  
skrá. Minningarit íslenskra her-  
manna. Saga Missirisrit 1 til 6  
þþ. Fyrsta ljóðabók Hannesar  
Hafstein. Strandumenn.  
Tröllatunguætt 1 til 4.  
Leikuhúsmál 1940 til 1950.  
Manntalið 1703. De íslandske  
Vulkarnes historie TH. TH. 1882  
**Uppl. í síma 898 9475**

## Þjónusta

### SANDBLÁSTUR & MÁLUN á stáli, tré o.fl.

Þú kemur til okkar  
eða við til þín

[www.BLASTUR.IS](http://www.BLASTUR.IS)

Blásu nýju lífi í hlutina

Verkstæði & verktafar  
Helluhrauni 6, 220 Hfj.  
S. 555-6005

## Hljóðfæri

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



**Kassagítarar  
á tilboði**

**Gítarar**  
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



**Hljómborð  
á tilboði**

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

## Verkfæri



**Stórútsala á armbandsúrurum-**  
lagerhreinsun Vönduð og  
stórglæsileg -Pierre Lannier-  
armbandsúr frá Frakklandi, landi lista  
og fagurfræði. 25 - 50% afsláttur!  
2ja ára ábyrgð.  
**ERNA Skipholti 3, www.erna.is**

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

**Hringdu S. 615 1810  
eða sendu sms og við  
höfum samband**

# Atvinna

Fáðu meira út úr þinni  
atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins  
kemur út **tvisvar í viku.**  
Á fimmtudögum í aldreiþingu  
og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef  
**mbl.is** og á **finna.is.**  
Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

**Morgunblaðið**  
fimmtudaga

2

**Morgunblaðið**  
laugardaga

3

**mbl.is**  
atvinna

4

**finna.is**  
atvinna

**110.000** manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá  
Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri  
(fimmtudag og laugardag).\*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag  
og **15,4 milljón** flettinga á viku.\*\*

\*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023  
\*\*Topplisti Gallup í ágúst 2023